Fullgild rafræn undirskrift
GUÐRÚN GÍSLADÓTTIR
Kennitala: 091258-5609
2021-10-01 14:46:01 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Tækniþróunarsjóður

## 04 511

# Ársreikningur 2020

## Efnisyfirlit

**Bls.**


Skýrsla og áritun forstöðumanns ........................................................ **2**
Yfirlit um afkomu ársins ..................................................................... **3**
Efnahagsreikningur ............................................................................ **4**
Sjóðstreymisyfirlit ............................................................................... **5**
Starfsþáttayfirlit .................................................................................. **6**
Skýringar ............................................................................................. **7**



**Tækniþróunarsjóður**

**kt. 700404-4630**

**Borgartún 30, 105 Reykjavík**

# Skýrsla og áritun forstöðumanns

Tækniþróunarsjóður heyrir undir ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Hann starfar samkvæmt lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, nr. 75/2007. Hlutverk sjóðsins er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi.
Árið 2016 hófst innleiðing nýrra styrktarflokka á grundvelli stefnumótunar sem stjórn sjóðsins stóð fyrir. Styrktarflokkarnir eru sex talsins. Sjóðurinn hefur jafnframt lagt áherslu á alþjóðlegt samstarf sjóða , en það er í samræmi við stefnu Vísinda- og tækniráðs.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir nokkur málefnasvið og málaflokka samkvæmt flokkun í fjárlögum og kemur aðgreining þess fram í starfsþáttayfirliti.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 2.987,6 milljónir og afkoma kr. 24,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 89,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 1.484,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Tækniþróunarsjóðs í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Tækniþróunarsjóðs fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Guðrún Gísladóttir
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

# Yfirlit um afkomu ársins 2020

| | Skýr | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga ........ | 2 | 2.987.600.000 | 2.332.000.000 |
| **Tekjur samtals** | | 2.987.600.000 | 2.332.000.000 |
| **Gjöld** | | | |
| Framlög og tilfærslur ........ | 3 | 2.865.701.736 | 2.119.636.723 |
| Annar rekstrarkostnaður ........ | 4 | 97.338.155 | 101.351.215 |
| **Gjöld samtals** | | 2.963.039.891 | 2.220.987.938 |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði** | | 24.560.109 | 111.012.062 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap ........ | | 0 | (7.921) |
| | | 0 | (7.921) |
| **Afkoma ársins** | | 24.560.109 | 111.004.141 |
| **Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum** | 2 | | |
| Rekstur ........ | | (10.738.155) | (16.959.136) |
| Fjármagnstilfærslur ........ | | 35.298.264 | 127.963.277 |
| | | 24.560.109 | 111.004.141 |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2020

| | Skýr | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Tengdir aðilar ........................................ | 5 | 1.484.094.103 | 993.127.311 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 1.484.094.103 | 993.127.311 |
| **Eignir samtals** | | 1.484.094.103 | 993.127.311 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 6 | | |
| Hrein eign ........................................ | | 89.541.420 | 64.981.311 |
| **Eigið fé samtals** | | 89.541.420 | 64.981.311 |
| **Skuldir** | | | |
| Tengdir aðilar ........................................ | 5 | 201.098.000 | 210.849.000 |
| Viðskiptaskuldir ........................................ | | 0 | 836.600 |
| Ýmsar skammtímaskuldir ........................................ | | 1.193.454.683 | 716.460.400 |
| **Skuldir samtals** | | 1.394.552.683 | 928.146.000 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 1.484.094.103 | 993.127.311 |

**Aðrar upplýsingar** 7

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

| | Skýr | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | 24.560.109 | 111.004.141 |
| | | 24.560.109 | 111.004.141 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Tengdir aðilar | | 0 | (65.773.905) |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 476.157.683 | (149.178.744) |
| | | 476.157.683 | (214.952.649) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 500.717.792 | (103.948.508) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tengdir aðilar | | (500.717.792) | 103.948.508 |
| | | (500.717.792) | 103.948.508 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 0 | 0 |
| Handbært fé í byrjun árs | | 0 | 0 |
| **Handbært fé í árslok** | | 0 | 0 |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

# Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2020, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

| | Almennur rekstur | Tækniþróunar-sjóður | Samtals |
|---|---|---|---|
| | 04 511 101 | 04 511 661 | 2020 |
| | Málefnasvið - málaflokkur | | |
| | 07 10 | 07 10 | |
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga ........ | 86.600.000 | 2.901.000.000 | 2.987.600.000 |
| **Tekjur samtals** | 86.600.000 | 2.901.000.000 | 2.987.600.000 |
| **Gjöld** | | | |
| Fjármagnstilfærslur ........ | 0 | 2.865.701.736 | 2.865.701.736 |
| Annar rekstrarkostnaður ........ | 94.268.472 | 3.069.683 | 97.338.155 |
| **Gjöld samtals** | 94.268.472 | 2.868.771.419 | 2.963.039.891 |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði** | (7.668.472) | 32.228.581 | 24.560.109 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap ........ | 0 | 0 | 0 |
| | 0 | 0 | 0 |
| **Afkoma ársins** | **(7.668.472)** | **32.228.581** | **24.560.109** |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum** | | | |
| Rekstur ........ | (7.668.472) | (3.069.683) | (10.738.155) |
| Fjármagnstilfærslur ........ | 0 | 35.298.264 | 35.298.264 |
| | (7.668.472) | 32.228.581 | 24.560.109 |
| **Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:** | | | |
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum ........ | 86.600.000 | 2.201.000.000 | 2.287.600.000 |
| Heimildir til flýtingar á framkvæmdum ........ | 0 | 700.000.000 | 700.000.000 |
| Fjárveiting til tekna ........ | 86.600.000 | 2.901.000.000 | 2.987.600.000 |
| Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi ........ | (94.268.472) | (2.868.771.419) | (2.963.039.891) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs ........** | **(7.668.472)** | **32.228.581** | **24.560.109** |
| Staða fjárveitinga 2019 í lok þess árs ........ | (9.019.136) | 74.000.447 | 64.981.311 |
| **Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum** | | | |
| Rekstur ........ | (16.687.608) | (3.069.683) | (19.757.291) |
| Fjármagnstilfærslur ........ | 0 | 109.298.711 | 109.298.711 |
| | **(16.687.608)** | **106.229.028** | **89.541.420** |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits*

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.
Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.
Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

**Gjöld**

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

# Skýringar

**Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjáráskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

**Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

**Starfsþáttayfirlit**

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfsþáttayfirlit. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

**Samanburðarfjárhæðir**

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

# Skýringar

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| **2 Tekjufærsla fjárveitinga** | | |
| Fjárveiting ársins | 2.987.600.000 | 2.332.000.000 |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2.987.600.000 | 2.332.000.000 |

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:**

| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum | 86.600.000 | 0 | 2.201.000.000 | 2.287.600.000 |
| Heilmildir til flýtinga fjárheimilda | 0 | 0 | 700.000.000 | 700.000.000 |
| **Fjárveiting til tekna** | **86.600.000** | **0** | **2.901.000.000** | **2.987.600.000** |
| Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi | (97.338.155) | 0 | (2.865.701.736) | (2.963.039.891) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **(10.738.155)** | **0** | **35.298.264** | **24.560.109** |

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| **3 Framlög og tilfærslur** | | |
| Fjármagnstilfærslur til ríkisaðila í A-hluta | 254.917.795 | 338.321.000 |
| Fjármagnstilfærslur aðrir | 2.610.783.941 | 1.781.315.723 |
| | 2.865.701.736 | 2.119.636.723 |

**4 Annar rekstrarkostnaður**

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Fundir, námskeið, risna | 422.013 | 12.935.108 |
| Ferðir, uppihald | 98.551 | 306.414 |
| Sérfræðiþjónusta | 27.328.921 | 23.078.542 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 0 | 2.801.151 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 27.849.485 | 39.121.215 |
| | | |
| Samningsbundin kaup og leiga | 68.776.000 | 62.230.000 |
| Verkkaup | 212.670 | 0 |
| Tilfærslur | 500.000 | 0 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 69.488.670 | 62.230.000 |
| | | |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 97.338.155 | 101.351.215 |

# Skýringar

## 5 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|
| *Kröfur á tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 1.484.094.103 | 993.127.311 |
| | 1.484.094.103 | 993.127.311 |
| *Skuldir við tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 201.098.000 | 210.849.000 |
| | 201.098.000 | 210.849.000 |

## 6 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

| | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|
| **Hrein eign** | | |
| Jöfnuður 1.1. | 64.981.311 | 19.751.075 |
| Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins | 0 | (65.773.905) |
| Afkoma ársins | 24.560.109 | 111.004.141 |
| Jöfnuður 31.12. | 89.541.420 | 64.981.311 |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

# Skýringar

**7 Aðrar upplýsingar**

*Skuldbindandi samningar*
Sjóðurinn hefur gert skuldbindandi samning við Rannsóknamiðstöð Íslands til ársins 2022, greiðsla vegna ársins 2021 mun nema um kr. 57,9 milljónum.

*Veðsetningar*
Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

*Veittar ábyrgðir*
Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

*Óefnislegar eignir*
Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

*Óafturkallanleg loforð*
Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

*Atburðir eftir reikningsskiladag*
Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.